

Ferðavenjur Íslendinga

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Greiningarsvið / Félagsmál
1.3 Nafn tengiliðar	Hjörvar Pétursson
1.6 Netfang tengiliðar	hjorvar.petursson@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1263

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	17. júlí 2025
-----------------------------	---------------

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum	Gögnum fyrir ferðavenjurannsókn er bæði safnað á vef og með úthringingum. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um ferðalög landsmanna, bæði vinnuferðir og persónulegar ferðir, svo lengi sem gíst er að minnsta kosti eina nótt. Rannsóknin hefur verið framkvæmd frá árinu 2021 í samræmi við löggjöf hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) um ferðavenjur. Gögnum er safnað ársfjórðungslega og fer rannsóknin þannig fram að í hverjum ársfjórðungi er haft samband við 1.550 einstaklinga á aldrinum 16-79 ára og þeir spurðir um ferðir sínar í næsta ársfjórðungi á undan. Við hönnun spurningalista er stuðst við aðferðafræði sem byggir á tilskipunum Evrópusambandsins um ferðamálatölfræði með það fyrir augum að niðurstöðurnar sé hægt að bera saman við niðurstöður sambærilegra kannana í öðrum aðildarlöndum evrópska efnahagssvæðisins (EES).
---------------------	--

3.2 Flokkunarkerfi

Menntun

Upplýsingar um menntun eru fengnar úr menntunarskrá Hagstofu Íslands. Við reikning voga í ferðavenjurannsókn Hagstofunnar er notast við hæstu prófgráðu þátttakenda samkvæmt menntunarskrá Hagstofu Íslands í samræmi við menntunarflokka ISCED, Alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar. Miðað er við þrískipta flokkun menntunar, sem byggir á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED 2011

(<http://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2018/37c1f0ac-47c8-47a3-8c16-2fc8add14d4f.pdf>).

Grunnmenntun samsvarar flokkum 0-2, starfs-, framhalds- og sérskólamenntun svarar til flokka 3-5 og háskólamenntun samsvarar flokkum 6-8.

Tekjur

Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr staðgreiðsluskrá Hagstofunnar. Við reikning voga er notast fjórskiptingu í tekjuhópa. Þessir hópar eru skilgreindir út frá meðaltekjum, fyrsti hópurinn er með 60% eða minna af meðaltekjum, annar hópurinn er með tekjur á bilinu 60% af meðaltali að meðaltekjum. Þriðji tekjuhópurinn er með tekjur á bilinu frá meðaltekjum að 60% yfir meðaltekjum og fjórði hópurinn er með 60% meira en meðaltekjur eða meira.

Ríkisfang og búseta

Úr þjóðskrá fást upplýsingar um ríkisfang, sveitarfélag og pósthag svarenda. Búseta er flokkuð eftir sveitarfélagsnúmeri lögheimilis í þjóðskrá.

3.3 Umfang efnis - þekja

Í úrtökuramma ferðavenjurannsóknar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–79 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi. Rannsóknin fer þannig fram að í hverjum ársfjórðungi er haft samband við 1.550 einstaklinga á aldrinum 16-79 ára sem búsettir eru á Íslandi samkvæmt þjóðskrá og þeir spurðir um ferðir sínar í næsta ársfjórðungi á undan. Fyrir endanlegt úrtak eru þeir einstaklingar frátaldir sem reyndust látnir, ekki búsettir á Íslandi eða ekki taldir sem partur af þýði af öðrum ástæðum. Endanlegt svarhlutfall er mismunandi milli ársfjórðunga en er að jafnaði yfir 50%.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Ferðamenn

Ferðamaður er einstaklingur sem ferðast út fyrir sitt venjulega hversdagsumhverfi og dvelur a.m.k. eina nótt á ákvörðunarstað. Með hversdagsumhverfi er átt við umhverfi þar sem höfð er föst búseta og þaðan sem sótt er vinna eða skóli.

Ferð

Með ferð er átt við för einstaklings út fyrir venjulegt hversdagsumhverfi þar sem gist er a.m.k. eina nótt. Dvöl sjómanna um borð í því skipi þar sem þeir eru skipverjar telst ekki til ferðalaga, né heldur gisting flugstjóra/flugþjóna vegna venjubundinna flugferða, þar sem þá er um venjulegt hversdagsumhverfi að ræða. Sama á við um dvöl á sjúkrahúsi eða í fangelsi. Reglulegar ferðir í sumarbústaði teljast til ferðalaga jafnvel þótt fólk líti á sumarhúsið sem sitt annað heimili.

Ársfjórðungur

Ferð telst vera farin í þeim ársfjórðungi sem snúið var heim úr ferðinni, jafnvel þótt ferðin hafi hafist í fyrri ársfjórðungi.

Tilgangur ferðar

Í könnuninni er ferðum skipt í persónulegar ferðir og vinnuferðir. Til persónulegra ferða teljast ferðir þar sem skemmtun, afþreying eða önnur einkaerindi eru aðalmarkmiðið, þ.m.t. íþróttuferðir, ferðir til ættingja og vina og orlofsferðir. Aðalástæða ferðarinnar ræður hvor hún telst sem persónuleg eða vinnuferð.

Áfangastaður

Áfangastaður ferðar telst aðaláfangastaður ferðarinnar eða sá staður þar sem viðkomandi gisti flestar næturnar. Ef aðaláfangastaður er utan landsteina telst ferðin utanlandsferð, jafnvel þótt gist sé eina eða fleiri nætur innanlands.

Mannfjöldi

Spurt var um allar ferðir fólks á aldrinum 16-79 ára þar sem gist er a.m.k. eina nótt. Fylgt er skráningu kyns í Þjóðskrá Íslands. Þar sem einstaklingar með hlutlaust kyn eru of fáir til að tölur fyrir þá séu birtar sérstaklega er kyni þeirra deilt niður á karla eða konur með slembireglu í þeim tilvikum sem þeir lenda í úrtaki.

3.5 Hagskýrslueining

Einstaklingar

3.6 Þýði	Í þýði ferðavenjurannsókna eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar á aldrinum 16–79 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi í viðmiðunarviku rannsóknarinnar. Við upphaf ferðavenjurannsókna árið 2021 voru í þýði ferðavenjurannsókna allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–79 ára sem skráðir voru í þjóðskrá og með lögheimili á Íslandi. Frá mars 2024 hefur þýði ferðavenjurannsókna verið takmarkað við þá sem teljast búsettir á Íslandi skv. aðferð Hagstofu við mat á mannfjölda, en Hagstofan innleiddi í mars 2024 nýja aðferð við mat á mannfjölda (https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/mannfjoldi/Ny-adferd-vid-mat-a-ibuafjolda-a-islandi/). Fyrir endanlegt úrtak eru þeir einstaklingar frátaldir sem reyndust látnir, ekki búsettir á Íslandi eða ekki taldir sem partur af þýði af öðrum ástæðum.
3.7 Svæði	Heildartölur eru gefnar fyrir allt landið.
3.8 Tímabil	Tölur eru birtar niður á ársfjórðunga frá og með árinu 2021.
3.9 Grunntímabil	Ársfjórðungur.
4. Mælieining	
4. Mælieining	Fjöldi ferða.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Gögnum er safnað allt árið um kring. Árinu er skipt upp í ársfjórðunga og í hverjum ársfjórðungi telur úrtakið 1.550 manns.
6. Umboð	

6.1 Lög og reglugerðir	Aðalreglugerð Evrópuþingsins nr. 692/2011 um evrópska ferðamátölfræði Innleiðingarreglugerð nr. 1051/2011 um evrópska ferðamátölfræði og gagnasendingar Reglugerð nr. 2021/1179 um breytingar á innleiðingarreglugerð nr. 1051/2011 Lög og reglugerðir á vef Hagstofunnar
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Sjá lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98, greinar 10 til 13.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Reglur um birtingaráætlun.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun á vef Hagstofunnar.
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „ Ferðavenjur “.
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Talnaefni er uppfært ársfjórðungslega.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynningar um ferðavenjur koma samhliða uppfærslum á talnaefni með upplýsingum um ferðavenjur á hverjum ársfjórðungi, um það bil hálfu ári eftir að ársfjórðungi lýkur.
10.2 Útgáfur	-

10.3 Gagnasöfn á netinu	Hagtölur birtar í veftöflum á vef Hagstofunnar.
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum til vísindarannsókna frá Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.
10.5 Annað	-
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Liggja ekki fyrir
10.7 Skjöl um gæðamál	Liggja ekki fyrir
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Gæða- og öryggisstefna Hagstofu Íslands Meginreglur í hagskýrslugerð
11.2 Gæðamat	Unnið er eftir viðurkenndum aðferðum í úrtaksrannsóknum.
12. Notagildi	
12.1 Þarfir notenda	Helstu notendur eru aðilar í ferðaþjónustu, ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðlar og almenningur.
12.2 Ánægja notenda	Liggur ekki fyrir
12.3 Heildstæðni	-
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	
13.1 Nákvæmni	-

13.2 Úrtaksvillur

Ferðavenjurannsókn er úrtakskönnun. Úrtaksrannsóknir hafa ávallt óvissu í för með sér þar sem úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd af heildarskránni eða þýðinu. Því eru niðurstöður háðar meiri óvissu eftir því sem sundurliðun talnaefnis er meiri þar sem það þýðir jafnan að færri svör eru fyrir hverja sundurliðun. Vogin byggir á ríkisfangi, kyni, menntunarstöðu, aldri og tekjum á grunni staðgreiðslugagna.

Rétt er að benda á að tölur um einstaka hópa byggja á töluverðri sundurliðun. Þetta þýðir að töluverð óvissa ríkir um talningar í þeim hópum sem byggja á miklu niðurbroti (til dæmis fyrir einstaka aldurshópa).

13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Helstu skekkjur í ferðavenjurannsókn aðrar en úrtökuskekkjur eru þekjuskekkjur og brottfallsskekkjur.

Þekjuskekkjur

Þekjuskekkjur stafa annars vegar af því að sú skrá sem lögð er til grundvallar vali á úrtakinu, þ.e. úrtökuramminn, er ekki tæmandi og hins vegar af því að í rammanum eru einstaklingar eða einingar sem ekki eiga þar heima. Þetta kallast annars vegar vanþekja og hins vegar ofþekja. Til dæmis er í þjóðskránni iðulega hópur fólks sem hefur aðsetur erlendis vegna náms eða vinnu lengur en 6 mánuði í senn á ári hverju og fellur þannig utan þýðisskilgreiningar rannsóknarinnar. Sé þessi hópur ekki dreginn frá mannfjölda á aldrinum 16-79 ára verður mat á heildarstærðum ofáætlað sem honum nemur. Þess konar skekkja kallast ofþekja. Mun erfiðara er að greina vanþekju, þ.e. fólk sem ætti að teljast til þýðisins. Til þessa hóps má telja íslenska ríkisborgara skráða með lögheimili erlendis en sem eru í raun búsettir hér á landi og fólk frá Evrópska efnahagssvæðinu sem býr og vinnur á Íslandi án þess að vera skráð hér með lögheimili.

Brottfallsskekkjur

Í öllum rannsóknum geta niðurstöður skekkst vegna þess að brottfall í úrtakinu dreifist misjafnt eftir hópum. Helstu ástæður brottfalls eru neitanir, hindranir vegna veikinda eða fötlunar, fjarvera frá heimili meðan á könnun stendur eða að ekki tekst að finna aðsetur eða símanúmer þeirra sem eru í úrtakinu. Í ferðavenjurannsókn er mest horft til brottfalls sem skekkjuvalds.

14. Tímanleiki og stundvísi

14.1 Tímanleiki	Öflun og úrvinnsla gagna fer fram á hverjum ársfjórðungi fyrir ársfjórðunginn á undan. Leitast er við að tölur hvers ársfjórðungs liggi fyrir eigi síðar en hálfu ári eftir lok ársfjórðungs eða eins fljótt og auðið er.
14.2 Stundvísi	Niðurstöður ferðavenjurannsóknar eru að jafnaði birtar á áður auglýstum dagsetningum.
15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	Ferðavenjurannsókn leggur meðal annars til tölur til alþjóðlegrar gagnasöfnunar Eurostat sem er ætlað að safna upplýsingum um ferðavenjur. Áhersla er lögð á samræmda gagnasöfnun og úrvinnsluaðferðir milli Evrópulanda þar sem markmiðið er að tryggja sambærileika niðurstaðna yfir löndin sem taka þátt í Evrópska hagskýrslusamstarfinu.
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	Ferðavenjurannsókn hófst árið 2021 og hafa bæði spurningalisti og framkvæmd rannsóknar verið óbreytt síðan þá.
15.3 Samræmi – milli efnissviða	Ferðamálastofa metur fjölda þeirra Íslendinga sem fer utan í gegnum Keflavíkurflugvöll út frá kerfisbundnu úrtaki sem tekið er meðal farþega áður en komið er inn á brottfararsvæði Keflavíkurflugvallar. Lýsigögn fyrir brottfarartalningar farþega frá Íslandi eru aðgengilegar á vef Ferðamálastofu. Þar sem við það mat er notast við þjóðerni út frá vegabréfi en ekki búsetu eru þær tölur ekki að fullu sambærilegar við ferðavenjurannsókn Hagstofunnar.
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	-
16. Kostnaður og svarbyrði	
16. Kostnaður og svarbyrði	Þátttakendum í úrtaki er frjálst að neita að taka þátt í rannsókninni. Meðalviðtalstími er um 15 mínútur, skemmri ef þátttakendur ferðuðust ekkert á síðasta ársfjórðungi.
17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	Öll tímaröð um fjölda ferða er yfirfarin við hverja birtingu og uppfærð eftir atvikum.

18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunnkögn	Um er að ræða úrtaksrannsókn einstaklinga sem byggir á svörum þeirra í vef- og símakönnunum.
18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Ársfjórðungsleg.
18.3 Gagnasöfnun	Upplýsinga í ferðavenjurannsókn Hagstofunnar er aflað með útfyllingu spurningalista í vefformum (CAWI) og símaviðtölum (CATI) og skráð í BLAISE gagnasöfnunarkerfið. Forrit þetta sparar tíma við framkvæmd, auðveldar spyrnum að velja rétta röð spurninga og fækkar skekkjum. Aðallega er hringt á kvöldin og um helgar. Einnig er reynt að hringja að degi til í þátttakendur sem upplýsingar frá öðrum heimilismönnum gefa til kynna að séu helst viðlátir þá. Ítarlegar tilraunir eru gerðar til þess að hafa uppi á þeim sem hafa skipt um aðsetur eða hafa ekki skráð símanúmer. Ekki er farið heim til þátttakenda. Spyrnar hringja til þátttakenda úr símaveri Hagstofunnar. Áður en kannanirnar hefjast fá spyrnarnir tilsögn í viðtalstækni, farið er yfir spurningalistann, tölvukerfið og vafaatriði útskýrð.
18.4 Sannpröfun	Sannpröfun er gerð á gögnum á meðan á innsöfnun stendur þar sem svör þurfa að uppfylla ákveðnar reglur um innra samræmi svara fyrir hvern og einn svaranda. Í gagnavinnslu er öðrum reglum beitt til að skoða gagnasafnið og samræmi milli mismunandi breyta.
18.5 Gagnavinnsla	Allar niðurstöður eru vegnar eftir svarlíkindum sem byggja á uppruna, kyni, menntunarstöðu, aldri og tekjum á grunni staðgreiðslugagna. Gagnavinnsla fer fram í SQL og tölfraeðiforritinu R.
18.6 Aðlögun	Áætlaður mannfjöldi í niðurstöðum ferðavenjurannsóknar er byggður á fjöldatalningu úr þjóðskrá út frá kyni og aldri, að frádregnum áætluðum fjölda sem ekki er búsettur á landinu í hvert sinn (https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/mannfjoldi/Ny-adferd-vid-mat-a-ibuafjolda-a-islandi/).
19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	